

**Ed.**

## **831. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá 1. minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Þar sem frv. þetta ætti fyrst og fremst að vera borið fram til að bæta skipun þjóðþingsins frá því, sem nú er, ber aðallega að meta það eftir því, hvernig tekizt hefir að ná þeim tilgangi. Í því efni ber meðal annars einkum að leggja áberzlu á, að þingið öðlist sem nákvæmasta þekkingu á högum lands og héraða, að á það verði valdir bestu mennirnir, sem föng eru á, og að enginn hluti ríkisins geti borið aðra hluta þess ofurliði.

Það skal nú játað, að kjördæmaskipunin muni sjá sæmilega fyrir því, að fyrsta atriðinu verði fullnægt, og uppbótarsætin varna því nokkuð, að bestu þingkröftunum verði frá bægt, og verður því að viðurkenna, að frv. er að þessu leyti spor í rétta átt. En þessi rétting er fengið með því, að eitt kjördæmi landsins nær því ofurmagni á þingi, að það getur borið hina landshlutana ofurliði hvenær sem því býður svo við að horfa.

Þegar af þessari ástæðu er slík skipun Alþingis afarviðsjárverð, og þá ekki síður fyrir það, að broddar öfgaflokkanna, til beggja handa, þeirra, er afneita lögum og rétti, eiga uppsprettu sína og miðstöð í því kjördæmi, er hér er átt við. Ber hér til, að uppbótarsætin eru óþarflega mörg með því fyrirkomulagi á þeim, sem ofan á hefir orðið.

En fullri trygging þess, að góðum mönnum verði ekki fyrirmunuð þingseta, má vissulega ná með muu færri uppbótarsætum en frv. gerir ráð fyrir, jafnvel þótt núverandi kjördæmaskipun væri haldið óskertri.

Ég tel mér því skylt að bera fram tillögur í þessa átt ásamt öðrum tillögum til að bæta úr ágöllum frv.

Það, sem sérstaklega einkennir frv. þetta, er hin áfjálga ásókn andófsmanna í þingsætin. Að einu ákvæði undanteknu, um meðferð fjárlaga, er efni þess ekkert annað en framrétt kló eftir þingsætum Framsóknarfl. Þar er brennt fyrir, að nokkur nýjung sé tekin upp til betra skipulags, sem sízt hefði þó verið vanhörf á.

Til dæmis að taka er sú breyting gerð með frv., að allt þingið er kosið samtímis í einu lagi af kjósendum með sama kosningarrétti. Af því leiðir beint, að ekkert væri eðlilegra en að þingið væri gert að einni málstofu, en við það hefir alls ekki verið komandi. Með því hefði það þó átt að vinnast, að sparaður yrði bæði tími og fé, og með því móti ætti jafnvel að vera unnt að fækka þingmönnum frá því, sem nú er. Eru þetta allt kröfur, sem ábyggilega eiga drjúg ítök í öllum stjórnsmálaflokkum og magnast hafa ár frá ári.

Af þessu, sem hér hefir verið talið, má bert vera, að frv. þetta ber að skoða sem hreina og heina nauðasamninga af hendi Framsóknarfl., gerða sakir óhjákvæmilegrar nauðsynjar nú á alþýngstu kreppntímunum um að létta undir byrðar

vinnusamasta verkalýðs þjóðarinnar, er hann eru nú alveg að sliga. Og á þeim grundvelli ber að túlka frv. þetta, ef fram gengur.

#### BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
  - a. Í stað orðanna „allt að 49“ komi: 46.
  - b. Í stað „6“ í b-lið komi: 7.
  - c. Í stað „allt að 11“ í c-lið komi: 7.
  - d. Orðin „skal að minnsta kosti . . . . utan Reykjavíkur“ í c-lið falli niður.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins „fjárráður“ komi: fjár síns ráðandi.

Alþingi, 29. maí 1933.

Magnús Torfason.